

125. löggjafarþing 1999-2000
Þskj. 849 - 547. mál.

Minnisblað

Til efnahags- og viðskiptanefndar
Frá tekju- og lagaskrifstofu.

Í minnisblaði þessu eru lagðar til nokkrar breytingartillögur við frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þskj. 849 - 547. mál. Eru breytingartillögur þessar m.a. að teknu tilliti til athugasemda þeirra sem fengu frumvarpið til umsagnar. Þess ber að geta að ekki hafa allar umsagnir borist þegar þessar tillögur eru lagðar fram og eru því lagðar fram með fyrirvara um frekari breytingar.

Komið hefur til skoðunar að breyta ákvæði 1. gr. frumvarpsins þar sem fallið verði frá því að tekjufæra hjá launþegum framlag launagreiðenda til öflunar lífeyrisréttinda. Þar af leiðandi þyrfti að umorða ákvæði 4. gr. frumvarpsins. Ekki liggja fyrir breytingartillögur um það efni í þessu minnisblaði, þar sem rýmri tíma þarf til að skoða það mál, enda getur breytingin leitt til þess að taka þurfi upp önnur ákvæði laganna svo tryggja megi að framkvæmd laganna verði sem best.

Í umsögnum kemur fram að takmörkun á frádráttarrétti vegna lífeyrisiðgjalda sem miðast við 1.500.000 kr. sé of lág og þyrfti því að rýmka. Er það til athugunar í ráðuneytinu.

Hvað varðar 1. breytingartillögu skal tekið fram varðandi að breyta orðinu "hlutir" í hlutabréf væri æskilegt að taka fram í nefndarálitum að hugtakið hlutabréf í þessu sambandi næði jafnframt til hluta í einkahlutafélögum. Í einkahlutafélögum eru ekki gefin út hlutabréf heldur hlutir. Einkahlutafélög geta boðið upp á kaupréttarsamninga og því nauðsynlegt að taka af allan vafa um þetta efni. En vegna athugasemda Verðbréfaþings Íslands að hlutabréf geta eingöngu verið skráð í kauphöll eða skipulegum markaði er breyting lögð til.

Jafnframt má benda á að til nánari skoðunar er í ráðuneytinu ákvæði 5. gr. frumvarpsins er varðar kaup á erlendum hlutabréfum sem gefa rétt til frádráttar frá tekjum. Varðar sú skoðun óskráð félög en þau hafa hingað til þurft staðfestingar ríkisskattstjóra um að þau fullnægi skilyrðum 5. mgr. 1. tölul. B-liðar 30. gr. laganna.

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyting á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. Við 2. gr.

- Í stað orðanna "1. tölul. 7. gr." í 1. máls. (8. gr. A) kemur: 1. tölul. A-liðar 7. gr.
3. máls. (8. gr. A) orðist svo: Með gangverði er átt við skráð markaðsverð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði þegar kaupréttur er nýttur.
- Í stað orðsins "hlutir" í 4. tölul. (8. gr. A.) kemur: hlutabréf.

2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

- Eftirfarandi breytingar verða á 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna:
- Orðið "innlendum" í 1. mgr. fellur brott.
 - Í stað orðanna "á Verðbréfaþingi Íslands" í 3. og 5. mgr. komi: í kauphöll.
 - Orðið "innlendu" í 4. máls. 4. mgr. fellur brott.

3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Beiðni um bindandi álit, sbr. 11. gr. þessara laga, sem borist hefur ríkisskattstjóra til ákvörðunar á grundvelli laga um bindandi álit skal við gildistöku laga þessara sent fjármálaráðherra til ákvörðunar. Bindandi álit ríkisskattstjóra sem kært hefur verið eða kærnanlegt er til yfirséttanefndar skv. 5. gr. laga um bindandi álit skal sæta úrlausn hjá yfirséttanefnd.